

Hvalfjarðarsveit
Skipulags- og umhverfisfulltrúi
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 29. júní 2016
UST201605-086/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir hótél Hafnarfjall í Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 10. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á svæði hótels Hafnarfjalls í Hvalfjarðarsveit.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að staðsetning svæðis sem tillaga að deiliskipulagi hótels og þjónustubygginga er áætluð á er suð-vestur af Borgarnesi, í Hafnarskógi undir Hafnarfjalli. Einnig kemur fram að fyrirhuguð er stækkun hótélbyggingar, bygging smáhýsa, framkvæmdir við tjaldsvæði ásamt þjónustubyggingu fyrir ferðamenn. Einnig er gert ráð fyrir miðlægum starfsmannaíbúðum í stakstæðu húsi.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar vex upprunalegur birkiskógur á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er á svæði á náttúruminjasrá. Svæðið er nr. 237, og í skránni segir: „*Hafnarskógur, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Hafnarskógur og landsvæði umhverfis. Til norðurs og austurs ráða hreppamörk Leirár- og Melahrepps og Skorradalshrepps að Katlabúfu, þaðan bein lína til sjávar sunnan við Þjófakletta. (1) Náttúrlegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Mikið útivistargildi.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að sem minnst verði hróflað við upprunalegum birkiskógi á skipulagssvæðinu.

Birkiskógur auðlind—erfðalindin.

Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir markmið um lágmarks umhverfisröskun megi ætla að við uppbyggingu hótels og þjónustuhúsa á svæðinu sé hætt á að náttúrulegur birkiskógur verði ruddur.

Umhverfisstofnun bendir á að upprunalegir birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi. Í 2. gr. laga nr. 60/2013 er verndarmarkmið fyrir vistgerðir en þar segir að stefnt skuli að því að: „*viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra og með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.*“ Einnig kemur fram í 61. gr. ofangreindra laga að: *Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.*

Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum.

Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Umhverfissráðuneytið gaf út skýrslu í mars 2007, sem ber heitið *“Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga”*. Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að lögð er áhersla á að *“Unnið verði áfram að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur á Náttúruverndaráætlun 2004-2008”*. Einnig kemur fram að nefndin er vann skýrsluna leggur til að *“Sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins”* og að *“Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.”*

Í skýrslu umhverfissráðuneytisins kemur enn fremur fram að meðal helstu ógna sem steðja að íslenskum birkiskógum sé að *“birkiskógum er raskað eða eytt vegna framkvæmda og má í því tilliti nefna ruðning birkiskóga vegna vegagerðar, stækkunar þéttbýlis og frístundabyggðar”*.

Í niðurlagi skýrslunnar eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir *“Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.”* Lögð er áhersla á að *“Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleifð sem ekki er annars staðar að finna.”*

Ljóst er því að stjórnvöld hafa miklar áhyggjur af þróun birkiskóga hér á landi, og að lögð er mikil áhersla á verndun þeirra og endurheimt.

Áætlaðar framkvæmdir

Umhverfisstofnun tekur undir að áætlað er að byggingum verði komið fyrir á gróðurlitlum svæðum. Að mati stofnunarinnar þyrfti að velja framkvæmdasvæði nákvæmlega innan áætlaðra byggingareita þar sem þeir virðast allir að nokkru leyti vaxnir birkiskógi, sérstaklega reitur sh3. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ef rækta á birki á svæðinu, þá sé ræktað upp birki af sömu erfðagerð, þar sem Hafnarskógur hefur þróast við strönd með þoli fyrir áhrifum frá sjónum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að öll umgengni og allar framkvæmdir á slíku náttúruminjasvæði sem Hafnarskógur er, séu til fyrirmyndar og að forðast verði allt óþarfa rask. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að framkvæmdir séu takmarkaðar á slíku svæði og að ósnortin skógsvæði séu sem flest.

Fráveita

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri